

jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

15. gr.

Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 3. október 1903, 1. gr.

Lög nr. 1 2. jan. 1917 um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Auglýsing um breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917 um skipting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands nr. 1 5. janúar 1922.

Lög nr. 58 11. júní 1938 um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Önnur lagaboð, er fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneyttisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr., hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. tölulíður 9. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráða-
birgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskípum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávar-
afurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald
þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af
fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna land-
manna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 100 krónur
á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 85 krónur á
úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórð-
ungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar
af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með
sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða
ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjöldu og áhafnarstærðar skal aflatrygg-
ingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lög-
skráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki
borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta
greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið
bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari
ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til út-
flutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Gjört i Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.